

Skagabyggð

Alþingi
Erindi nr. P 135/2316
komudagur 22.4.2008

Örlygsstöðum II 545 Skagaströnd
19. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hreppsnefnd Skagabyggðar mótmælir harðlega fram komnu lagafrumvarpi um að innleiða matvælalöggjöf ESB í íslensk lög.

Ljóst er að þetta mun verða til þess að störfum hér á landi fækkar og lífskjör í dreifbýli versna mikið. Á sama tíma og nefndir á vegum ríkisins eru að störfum til að styrkja byggðina í dreifbýlinu er ríkisstjórnin að vinna gegn þeim markmiðum með fyrirhugaðri lagasetningu um matvælalöggjöf ESB. Veit ekki hægri höndin hvað sú vinstri gerir? Einnig má hafa í huga að þjóðhagsspár gera ráð fyrir auknu atvinnuleysi hér á landi á næstu árum.

Það er vítavert gáleysi að leyfa innflutning á hráu kjöti til landsins vegna hættu á að hingað berist skæðir búfjárjúkdómar.


Ekki verður séð að þörf sé á að gera dýraeigendum erfiðara fyrir en nú er að fá þjónustu dýralækna eins og fyrirhugað er samkvæmt lagafrumvarpinu.

Lágmarks krafa er að gerð verði úttekt á þeim áhrifum sem þessi lagasetning kann að hafa á hagsmuni bænda, afurðastöðva og kjötvinnslur áður en lagafrumvarpið verður afgreitt á Alþingi.

Réttast væri að hætta strax við þessa vitleysu og fella málið niður.

Virðingarfyllst

Oddviti Skagabyggðar


Rafn Sigurbjörnsson